REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa nr. 305/1997.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á XVIII. lið a 7. gr.:
Í stað orðanna „4½ ár á lyfjadeildum“ komi orðin „5 ár á lyfjadeildum“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. og 5. gr. læknalaga nr. 53/1988, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. apríl 2005.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Reykjum í Ólafsfirði.

Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ólafsfjarðar þann 17. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar á Reykjum í Ólafsfirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Reykjaá í suðri, að vestan af þjóðvegi nr. 82, að norðan af troðningi norðan núverandi sumarhúsabyggðar og nær um 300 m upp í hlíðina frá þjóðvegi 82. Deiliskipulagssvæðið nær til 9 ha í landi Reykja og er þar gert ráð fyrir 14 frístundahúsalóðum og eru 5 lóðir þegar byggðar. Gert er ráð fyrir allt að 80 m^2 frístundahúsi á hverri lóð auk 20 m^2 smáhýsis.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ólafsfirði, 22. apríl 2005.

F.h. bæjarstjórnar Ólafsfjarðar,

Stefanía Traustadóttir bæjarstjóri.